

sýkn af kröfum stefnda Yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson greiði 20 kr. sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 88/1915.

Margrét Árnason

gegn

skiftaráðandanum í Árnessýslu
f.h. dánarbús Ólafs Árnasonaró fl.

D ó m u r :

Á skiftafundi 17. sept. f. á. í dánarbú Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri kom fram meðal annara verðmætra skjala búsins, lífsábyrgðarskirteini frá lífsábyrgðarhlutafélaginu Hafnia Litra A, nr. 33009, útgefið 12. marz 1902, þar sem Ólafur heitinn var líftrygður fyrir 10000 kr., og er í lífsábyrgðarskirteini þessu ákveðið, að það tilheyri sem séreign konu hins trygða Margréti f. Möller.

Ekkja Ólafs heitins frá Margrét Árnason krafð-

ist þess á skiftafundinum að skirteini þetta væri sér afhent til fullrar eignar og umráða, en afhending þess var mótmælt fyrir búsins hönd af yfiréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen, sem hélt því fram að upphæð lífsábyrgðarskirteinisins væri eign dánarbúsins. Um ágreining þennan kvað skiftaráðandinn í Árnassýslu, sem hefir búið til skiftameðferðar, upp úrskurð 4. okt. f. á. á þá leið, að umrætt lífsábyrgðarskirteini skyldi afhendast frú Margréti Árnason sem eign hennar.

Þessum úrskurði hefir frú Margrét Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 21. des. f. á. og hefir hún stefnt skiftaráðandanum í Árnassýslu fyrir hönd dánarbús manns hennar Ólafs Árnasonar, svo og yfiréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen og bankastjóra Birni Sigurðssyni sem forráða- og meðráðamönnum hinna ómyndugu og ófullveðja erfingja búsins og Eggert Claessen einnig sem forráðamanni Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur. Krefst hún þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og stefndu dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Af hinum stefndu hefir að eins mætt yfiréttarmálaflutningsmaður Eggert Claessen f. h. hins stefnda minningarsjóðs og hefir þeim þó verið löglega stefnt. Hefir hann gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 28. jan. þ. á. og krafist þess, að hinn áminsti skiftaréttarúrskurður verði úr gildi feldur, að hið umþráttada lífsábyrgðarskirteini verði dæmt eign dánarbúsins og skiftaráðandanum gert skylt að innheimta

upphæð þess, 10000 kr., handa búinu. Svo krefst hann og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Gagnáfrýjandi heldur því fram, að ákvæði lífsábyrgðarskirteinisins um það að það skuli vera sér-eign frú Margrétar sé ógilt og ekki bindandi fyrir búið, fyrst og fremst af því að þessi séreign er ekki stofnuð með kaupmála, og í annan stað heldur hann því fram, að þó þessi ráðstöfun hafi upphaflega verið lögleg, þá hafi henni verið breytt með kaupmála þeim, er hjónin gerðu með sér rúmum 5 árum síðar, hinn 10. júní 1907, staðfestum 17. ágúst s. á. Í kaupmála þessum sé lífsábyrgðarskirteinisins alls eigi getið, þótt þar sé talið upp hvað vera skuli séreign hvors hjónanna og síðan bætt við, að »að öllu öðru leyti« skuli vera helmingafélag með hjónunum. Og loks bendir gagnáfrýjandi á, að þegar hjónin skildu að borði og sæng árið 1909, hafi þess eigi verið getið að til konunnar ætti að renna lífsábyrgðarfé það, er hér ræðir um. Hafi þetta stafað af því, að Ólafur heitinn Árnason hafi talið umrætt skirteini viðkoma sér einum, enda hafi hann eftir fjárskiftin verið umráðamaður lífsábyrgðarinnar og greitt iðgjöldin úr sínum vasa. Hefði lífsábyrgðin hins vegar átt að vera eign frú Margrétar, hefði verið sjálfsagt, að þau útgjöld hefðu verið borin af henni.

Af hálfu frú Margrétar er því hins vegar haldið fram, að mál þetta skifti alls eigi skuldheimtumenn dánarbús manns síns, með því engin líkindi séu til þess, að þeir fái eigi skuldir sínar að fullu greiddar úr búinu, þó umrætt lífsábyrgðarfé gangi frá. Með því nú að lífserfingjar Ólafs sáluga hafa eigi áfrýjað

úrskurðinum og vilji því við hann una, geti einn af skuldheimtumönnum búsins eigi verið aðili í málinu og gagnáfrýjað því. Krefst hún því gagnsökinni vísað frá rétti.

Til vara heldur aðaláfrýjandi því fram, að Ólafur sál. hafi árið 1902 keypt hina uppbráttuðu lífsábyrgð með það fyrir augum að sjá konu sinni borgið eftir sinn dag, og því hafi ákvæðið um, að lífsábyrgðarféið skyldi vera séreign konunnar, verið sett í sjálft skýrteinið. Heldur hún því fram, að þessi ráðstöfun sé lögleg samkvæmt 24. gr. laga 12. jan. 1900 um fjármál hjóna; hafi Ólafi sál. aldrei komið til hugar að rifta eða ónýta þessa ráðstöfun, en hins vegar hafi ekki þótt nein nauðsyn á að geta um þessa séreign í kaupmála þeirra hjóna 10. júní 1907 eða við fjárskiftin 1909.

Með því að erfingjar búsins hafa ekki tekið ábyrgð á skuldum þess, og með því að ekkert verður að svo stöddu séð um hag búsins, verður krafa aðaláfrýjanda um frávisun gagnsakarinnar ekki talin á rökum byggð.

Í 24. gr. laga 12. jan. 1900 um fjármál hjóna er ákveðið, að kaupmálaaðferðar þurfi eigi við, þegar um gjafirmilli hjóna sé að ræða, er séu »lifeyrir, forlags-eyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína«, en þó lífsábyrgðarfé falli ekki undir bein ákvæði greinarinnar verður þó að telja slíka gjöf, er hér ræðir um, meðal þeirra, sem bóndi geti gefið konu sinni kaupmálalaust, með því hér að eins er að ræða um aðra aðferð til þess að sjá konu sinni borgið, aðferð, sem nú er orðin eins algeng eins og

að kaupa lífeyri handa konu sinni, enda verður eigi séð af undirbúningi laga þessara að ætlast hafi verið til í þessu atriði að víkja frá hinum dönsku lögum um sama efni, sem íslenzku lögín eru sniðin eftir.

Það verður því að álita, að ráðstöfun Ólafs heitins Árnasonar á umræddu lífsábyrgðarfé til konu sinnar hafi verið lögleg. — Þótt lífsábyrgðarféð samkvæmt skýrteininu sé eigi nefnt né talið til séreigna í kaupmála þeim, er hjónin gerðu með sér 10. júní 1907 og þess heldur ekki getið í fjárskiftasamningi þeirra 20. marz 1909, þá verður þó eigi af því ályktað, að skirteinið hafi þá hætt að vera séreign frú Margrétar Árnason, enda virðist það eðlilegur skilningur, að lífsábyrgðarinnar hafi eigi verið getið í umræddum skjölum af því, að það hafi þótt óþarft, þar sem það áður hafði verið löglega ákveðið hverjum hún tilheyrði.

Með því að ekkert er komið fram, er bendi á að Ólafur heitinu hafi breytt ákvörðun sinni um að skýrteinið skyldi vera séreign konu hans, ber að fallast á úrskurð skiftaréttarins um, að afhenda beri frú Margréti Árnason umrætt skýrteini sem séreign hennar. Eftir málavöxtum þykir rétt að stefndi, Eggert Claessen, f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða skiftaréttarúrskurði skal órask-

að. Stefndi, Eggert Claessen, f. h. Minningar-
sjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigur-
bjargar Guðnadóttur, greiði áfrýjanda, frú Mar-
gréti Árnason, í málskostnað 40 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá
löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 6/1916.

Sveinn Björnsson fyrir hönd
Guðmundar Sigurðssonar o. fl.
gegn
E. Morthens,
Ásgeiri Sigurðssyni o. fl.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttar-
málaflutningsmaður, fyrir sjóðómi Reykjavíkur, sam-
kvæmt umboði Guðmundar Sigurðssonar, skipstjóra á
mótorskipinu »Reaper«, fyrir skipstjóra sjálfan og
aðra skipverja, er voru við síldveiðar á nefndu skipi
frá júlí til september 1914, gegn E. Morthens út-
gerðarmanni skipsins, til greiðslu á ógoldnu kaupi
skipshafnarinnar, samtals 690 kr. 48 aur., svo og
gegn eigendum skipsins, Ásgeiri Sigurðssyni konsúl,
O. Ellingsen skipstjóra og Tryggva Gunnarssyni
bankastjóra, til að fá viðurkendan með dómi veð-
rétt í skipinu fyrir kaupkröfum samkvæmt 236. gr.